

Skólaráð

Fimmtudaginn 9. nóvember kl. 14:30 í Gerðaskóla

Mætti voru: Jón Ragnar Ástþórsson fulltrúi stjórnenda, Hildur Sigfúsdóttir og Lóa Gígja Guðmundsdóttir fyrir hönd foreldra, Bryndís Knútsdóttir og Karen Ingimundardóttir fyrir hönd kennara, Laura Taudul og Örn Ingi Þorvaldsson fyrir hönd nemenda en Sylvía Sigurgeirsdóttir sem er fulltrúi almennra starfsmanna forfallaðist.

1. Kynning á skólaráði og hlutverki þess

Jón Ragnar fór yfir hvert hlutverk skólaráðs er, hverjir sitja í skólaráði, fyrir hvaða hópa og sýndi fundargestum það sem er á heimasíðu skólans um hlutverkið og verkefni ráðsins.

2. Starfsáætlun ráðsins kynnt

Jón Ragnar kynnti starfsáætlun ráðsins fyrir fundinum. Áætlað að hittast í febrúar og apríl.

3. UTIS New York kynnt

Jón Ragnar fór yfir fyrirhugaða ferð 5 starfsmanna Gerðaskóla til NY á ráðstefnu 100 íslenskra kennara. Það voru tæplega 300 kennarar sem sóttust eftir því að komast á ráðstefnuna en einungis 100 sem fengu aðgang. Þar af 5 frá Gerðaskóla. Ráðstefnan er frá mán-fim og dagskráin er í grófum dráttum:

- a) Námskeið
- b) Skólaheimsóknir
- c) Valheimsóknir

4. Skóladagatal

Farið var yfir skóladagatal skólaársins í grófum dráttum.

5. Starfsáætlun Gerðaskóla 2023-24 lögð fyrir til samþykktar

Farið var í gegnum starfsáætlunina, tilurð hennar og helstu þætti. Starfsáætlunin var samþykkt samhljóða.

6. Starfsemi skólaársins hingað til

- a) Breytingar stjórnenda og fyrirhugaðar ráðningar
- b) Viðbrögð við ástundun
- c) Þemadagar

Farið var yfir þessa helstu þætti skólaársins sem af er. Greint frá breytingum sem átt sér hafa stað í stjórnunarteymi og að til stendur að bæta við deildarstjóra á næstunni. Hann mun vera til frambúðar og kemur til með að stækka stjórnendateymið í 4 stöður.

7. Foreldrafélag

Hildur frá foreldrafélaginu sagði frá breytingum á stjórn, þar sem að hún tekur við formennsku af Hildi Ágústsdóttir. Fyrirhugað að vera með piparkökustund í desember og spilakynningu frá Spilavinum eftir áramót.

8. Viðbrögð við hættuástandi.

Jón fór yfir viðbragðsáætlun skólans ef almannavarnir færa ástandið á hættustig vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga og yfirvofandi eldgoss sem gæti orðið til heitavatns leysis á svæðinu.

9. Önnur mál

Örn varpaði upp umræðu sem átt hefur sér stað á unglिंगastigi varðandi að ekki er leyfilegt að hafa Powerade og Gatorade drykki í skólanum. Jón sagði að reglurnar hafi verið settar svona stífar til að koma

Í veg fyrir mistúlkun og vandamál með að greina hvað er leyfilegt og hvað ekki. Jón ætlar að skoða hvort hægt er að gera reglurnar skýrari þannig að ákveðnar tegundir af drykkjum geti verið leyfðar. Örn spurði einnig hvernig væri staðan á sjálfsölum sem að til hefur staðið að setja í skólana á vegum ungmennaráðs Suðurnesjabæjar. Jón ætlar að skoða málið.

Fundi slitið 15.40.